

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2000/21/EB

2001/EES/51/35

frá 25. apríl 2000

um skrá yfir löggjöf bandalagsins sem um getur í fimmta undirlið 1. mgr. 13. gr. í tilskipun ráðsins 67/548/EBE(*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,leyfisveitingarreglurnar fyrir slík efni við gildissvið
tilskipunar 91/414/EBE einvörðungu.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnáskilum um flokkun, þökkun og merkingu hættulegra efna ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/33/EB ⁽²⁾, einkum 1. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 1. mgr. 13. gr tilskipunar 67/548/EBE eru tiltekin efni undanþegin ákvæðum 7., 8., 14. og 15. gr. téðrar tilskipunar um tilkynningu. Nánar tiltekið er í 5. undirlið 1. mgr. 13. gr. veitt undanþága fyrir efnunum sem eingöngu eru ætluð til nota í öðrum vöruflokkum þar sem reglur bandalagsins um tilkynningar og viðurkenningar eru fyrir hendi og þar sem kröfur um framlagningu gagna jafngilda þeim sem mælt er fyrir um í tilskipun 67/548/EBE. Því ber framkvæmdastjórninni að setja saman skrá yfir þau ákvæði í löggjöf bandalagsins þar sem fjallað er um reglur, tilkynningar eða viðurkenningaráðferðir. Skrána ber að endurskoða með reglulegu millibili og ef nauðsyn krefur skal henni breytt.
- 2) Í tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/80/EB ⁽⁴⁾, er kveðið á um skráningu virkra efna í I. viðauka hennar sem skilyrði fyrir leyfisveitingu téðra afurða áður en þær eru markaðssettar. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/90/EBE frá 29. október 1993 um efnaskrána sem um getur í fimmta undirlið 1. mgr. 13. gr. tilskipunar ráðsins 67/548/EBE ⁽⁵⁾ tekur eingöngu til virkra efna sem skrá ber í I. viðauka tilskipunar 91/414/EBE, sem varðar markaðssetningu. Virk efni sem leyfa á í öðrum tilgangi, þar með talið til rannsókna og þróunar samkvæmt 22. gr. tilskipunar 91/414/EBE, ættu einnig að falla undir þessa tilskipun til að takmarka

- 3) Efni sem eingöngu eru notuð sem virk efni í sæfiefnum, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna ⁽⁶⁾, falla undir fimmta undirlið 1. mgr. 13. gr. tilskipunar 67/548/EBE og ber því að undanþiggja, einnig að því er tekur til rannsókna og þróunar, til að takmarka leyfisveitingar fyrir slík efni við gildissvið tilskipunar 98/8/EB einvörðungu.

- 4) Tilskipun 93/90/EBE ber að fella úr gildi.

- 5) Ákvæði þessarar tilskipunar eru í samræmi við álit nefndarinnar um aðlögun að tækniframförum á tilskipunum um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með hættuleg efni og efnablöndur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Skrá yfir löggjöf bandalagsins um vöruflokka sem tilkynningar- eða viðurkenningarreglur bandalagsins taka til og þeirra vöruflokka þar sem kröfur um framlagningu gagna eru jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í tilskipun 67/548/EBE, er í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

Tilskipun 93/90/EBE falli hér með úr gildi.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. apríl 2001 og skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 103, 28.4.2000, bls. 70, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2000 frá 30. nóvember 2000 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 8, 15.2.2001, bls. 46.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 196, 16.8.1967, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 199, 30.7.1999, bls. 57.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 210, 10.8.1999, bls. 13.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 277, 10.11.1993, bls. 33.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. apríl 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Margot WALLSTRÖM

framkvæmdastjóri.

VIDAUKI

Löggjöf bandalagsins um vöruflokka sem reglur bandalagsins um tilkynningar eða viðurkenningar taka til og þeirra vöruflokka þar sem kröfur um framlagningu gagna eru jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í 7., 8., 14. og 15. gr. tilskipunar 67/548/EBE.

1. Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna.
2. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna.

Fyrir efni sem eingöngu eru ætluð til nota sem virk efni í plöntuvarnarefnum og/eda sæfiefnum.
